

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 220/2013

2014/EES/19/08

frá 13. desember 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2013 frá 14. mars 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórántraníllípról, flúdíoxóníl og próhexadíón í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 251/2013 frá 22. mars 2013 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aminópýralíð, bífenasat, kaptan, flúasínám, flúópikólíð, fólpet, kresoxímmetyl, penþíópýrað, prókínasíð, pýrídat og tembótríón í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32013 R 0241**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2013 frá 14. mars 2013 (Stjtið. ESB L 75, 19.3.2013, bls. 1),
- **32013 R 0251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 251/2013 frá 22. mars 2013 (Stjtið. ESB L 88, 27.3.2013, bls. 1).“

2. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005):

„– **32013 R 0241**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2013 frá 14. mars 2013 (Stjtið. ESB L 75, 19.3.2013, bls. 1),

– **32013 R 0251**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 251/2013 frá 22. mars 2013 (Stjtið. ESB L 88, 27.3.2013, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 75, 19.3.2013, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 88, 27.3.2013, bls. 1.

2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 74. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 788/2012):

„75. **32013 R 0208**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2013 frá 11. mars 2013 um kröfur um rekjanleika að því er varðar spírur og fræ sem eru ætluð til framleiðslu á spírum (Stjtið. ESB L 68, 12.3.2013, bls. 16).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 208/2013, (ESB) nr. 241/2013 og (ESB) nr. 251/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.